

Við erum sérstök!

Nemendur búa til sjálfsmyndir með það að markmiði að undirstrika að engir tveir eru eins, allir eru sérstakir, hver á sinn hátt.

Hægt er að prenta andlitið út á litaðan þykkari pappír og láta nemendur búa til sjálfsmyndir sem hengdar verða upp á vegg undir ofangreindri fyrirsögn. Hver skreytir myndina með sínu lagi. Gaman er að nota alls kyns skraut til að líma á myndina, svo sem spotta, alls kyns pappír, álpappír, hnappa o.fl.

